

## Álit

um frv. til l. um breyt. á l. um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndin hefur að beiðni allsherjarnefndar fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, (658. mál).

Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Markmið með frumvarpinu er að endurskipuleggja ráðuneyti í því skyni að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Í frumvarpinu er gerð tillaga um sameiningu heilbrigðisráðuneytis og félags- og tryggingamálaráðuneytis í velferðarráðuneyti. Meiri hlutinn takmarkar umsögn sína við stofnun velferðarráðuneytis og skipulagsbreytingar því tengdar. Umsagnir sem borist höfðu alsherjarnefnd á sviði nefndarinnar voru almennt jákvæðar að mestu leyti og virðist breið sátt vera um sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Það er mat meiri hlutans að með sameiningu ráðuneytanna megi m.a. auðvelda samþættingu þjónustu á velferðarsviði við einstaklinga og stofnanir. Sameiningin muni jafnframt mynda öflugri starfseiningar með betri yfirsýn yfir þau verkefni sem þeim eru falin og koma í veg fyrir tvíverknað. Meiri hlutinn telur að með sameiningu ráðuneytanna muni þjónusta hins opinbera verða aðgengilegri fyrir almenning og hægt verði að gera verkaskiptingu skýrari.

Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á umfangi fyrirhugaðs velferðarráðuneytis og um hve viðkvæma þjónustu er um að ræða. Leggur meiri hlutinn því ríka áherslu á vandaðan undirbúning og samráð viðkomandi stofnana. Meiri hlutinn telur að fara verði vandlega yfir hlutverk stofnananna og hafa samráð við starfsmenn þeirra með tilliti til hvort og þá með hvaða hætti þær falla undir starfsvið velferðarráðuneytis.

Þrátt fyrir fækkun ráðuneyta vill nefndin benda á að ýmis verkefni hins opinbera snerta eftir sem áður verksvið margra ráðuneyta. Því er mikilvægt að leita leiða til að koma á markvissu samstarfi og leysa þau mál sem snerta fleiri en eitt ráðuneyti.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 8. september 2010.

Þuríður Backmann, formaður,  
Sigmundur Ernir Rúnarsson,  
Siv Friðleifsdóttir með fyrirvara,  
Ólafur Þór Gunnarsson,  
Valgerður Bjarnadóttir,  
Skúli Helgason.